




## Íslenzkur stóll hlaut gullverðlaun

DAGANA 31. maí til 11. júní sl. var haldin alþjóðleg handiðnaðarsýning í München í Þýskalandi, og var hún opnuð af Erhard fjármálaráðherra Vestur-Þýskalands.

Félag húsgagnaarkitekta sá að þessu sinni um deild Íslands, en Vörusýningarnefnd hafði milli-

Fyrir utan sýningarsvæði undir beru lofti voru 23 sýningar-skálar að gólfrymi 52 þúsund fermetrar. 380 þúsund manns skoðuðu sýninguna. Deild Íslands var 42 fermetrar. Alls tóku 36 þjóðir þátt í sýningunni með 2470 sýnendum, en þar af 1077 erlend fyrirtæki. Á deild Íslands voru sýnd hús-

gögn, keramik, væðarvoðir, gærur, myndvefnaður, silfur, smelti, trévinna og húsgagnaáklæði. Sýningarmunir þessir voru valdir af sýningu félagsins „Húsgögn 1961“, sem haldin var um páska-ana sl. vor. Þriggja manna nefnd, en í henni voru Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt, Leifur Kaldal gullsmiður og Kjartan Á Kjartansson húsgagnaarkitekt valdi eftirtalda muni til sýningarinnar: Skrifborð frá smíðastofu Jónasar Sólmundssonar, og sófaborð frá Friðrik Þorsteinssyni hvort tveggja teiknað af Þorkeli Guðmundssyni, borðstofustól frá Trésmiðjunni Víði teiknaðan af Halldóri Hjálmarssyni, stálstól frá Benedikt Guðmundssyni teiknaðan af Jóni og Guðmundi Benediktssonum, skrifborðstól og hægindastól frá Friðrik Þorsteinssyni og Ásgrími P. Lúðvíkssyni báða teiknaða af Gunnari H. Guðmundssyni, keramik frá Glit teiknað af Ragnari Kjartanssoni og Steinunni Marteinsdóttur, væðarvoðir frá Álafossi teiknaður af Ásgerði Ester Búa-dóttur en eftir hana voru einnig veggteppi, silfurskeið frá Guðlaugi Magnússyni smíðuð af Reyni Guðlaugssyni, serviettu-

hringir smíðaðir og teiknaðir af Kjartani Á. Kjartanssoni og húsgagnaáklæði og gærur frá Gefjunni og Iðunni Akureyri. Gengið var frá fyrirkomulagi sýningarinnar hér heima, en Hjalti Geir Kristjánsson sá um uppsetningu og umsjón hennar í München, en íslenzkir námsmenn þar aðstoðuðu hann á margvislegan hátt.

Stóll, sem teiknaður er af Gunnari H. Guðmundssyni og

framleiddur af Friðrik Þorsteinssyni og Ásgrími P. Lúðvíkssyni hlaut gullverðlaun, sem veitt eru af stjórn Bayern. Af 30 gullverðlaunum, sem veitt voru á sýningunni, voru aðeins tvenn veitt fyrir húsöggn og hlaut Ísland önnur og Ítalía hin.

Sýningin vakti óskipta athygli og kom bersýnilega fram mikill áhugi á íslenzkum iðnaðarvörum. (Frá Félagi húsgagnaarkitekta).

### Húsgagnabólstrun

Á. K. Sörensen Köldukinn 11  
Hafnarfirði.  
Annast viðgerðir á öllum  
bólstruðum húsgögnum, bíl-  
sætum og klæðir innan bíla.  
Uppl. í síma 50706.

### SVEINBJÖRN DAGFINNSSON


hæstaréttarlögmaður  
EINAR VÍÐAR

héraðsdómslögmaður  
Málflutningsskrifstofa

## Firestone

### Hjólbarðar

|              |         |
|--------------|---------|
| 520x12 — kr. | 657,90  |
| 560x13 — kr. | 727,20  |
| 640x13 — kr. | 836,75  |
| 520x14 — kr. | 621,10  |
| 560x14 — kr. | 723,30  |
| 640x14 — kr. | 1064,60 |
| 670x14 — kr. | 1547,40 |
| 750x14 — kr. | 1154,95 |
| 590x15 — kr. | 825,05  |
| 670x15 — kr. | 1154,95 |
| 710x15 — kr. | 1282,20 |
| 760x15 — kr. | 1441,35 |
| 600x16 — kr. | 1115,10 |
| 650x16 — kr. | 1323,10 |
| 670x16 — kr. | 1286,65 |



# orka

Laugavegi 178

Sími 38000

# 12345

## DRÝGIÐ LÁG LAUN

Þér getið drýgt tekjur heimilisins til muna með því að verzla við hina nýju póstverzlun **HAGKAUP** við Miklatorg. **HAGKAUP** er sniðið eftir erlendum fyrirtækjum sem selja allar vörur til neytenda beint frá birgðageymslu og geta því selt margt ódýrar en venjulegar verðlanir. — Reynið viðskiptin við **HAGKAUP**. — Kaupið yður vörulistann **HAGKAUP**, sem fæst hjá bókabúðum og blaðsölustöðum um allt land. — **NÝR VERZLUNARMÁTI**. — **HAG-KVÆMUR VERZLUNARMÁTI**.

Allar vörur sendar heim hvar á landi sem þér búið.

hagkaup